

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins mælir með staðfestingu á breytingum á staðfestu aðalskipulagi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, nágrenni skólalóðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Grindavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. mars 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003 frá 15. nóvember 1984 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

1. Hluti skólalóðar grunnskólans breytist í íbúðarsvæði.
2. Gatan Arnarhraun lengist til vesturs.
3. Hraunbraut endar til suðurs við skólalóð, þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir grunnskólann.
4. Fyrri tenging Hraunbrautar og Ásabrautar leggst af.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, og hvort eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.